

Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík. Vefur: [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is)

Reykjavík 30.8.2010

FRÉTTATILKYNNING  
Til birtingar strax

## Regnboginn verður að Bíó Paradís – heimili kvikmyndanna

Regnboginn við Hverfisgötu gengur í endurnýjun lífdaganna þann 15. september næstkomandi og fær heitið **Bíó Paradís – heimili kvikmyndanna**.

Bíó Paradís mun hafa á dagskrá sinni nýjar áhugaverðar kvikmyndir víðsvegar að, auk hverskyns eldri mynda erlendra sem innlendra, hýsa kvikmyndahátíðir og standa fyrir hverskyns kvikmyndatengdum viðburðum. Þá er stefnt að því að koma á reglulegum skólasýningum í húsinu þar sem markmiðið er að efla þekkingu og menntun á þessari mikilvægu listgrein. Þar verður einnig að finna veitingahús og verslun með mynddiska og annan kvikmyndatengdan varning.

Bíó Paradís verður því nokkurskonar hjarta kvikmyndamenningar í landinu; samfélag kvikmyndaunnenda og áfangastaður allra þeirra sem vilja eiga góðar stundir í afslöppuðu umhverfi sem angar af andrúmslofti kvikmyndanna.


Hús af þessu tagi eru meðal lykilstofnana höfuðborga víðsvegar um heim, vinsælir áfangastaðir fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn. Þau má til dæmis finna á öllum Norðurlöndunum, í flestum Evrópulöndum og í helstu borgum Bandaríkjanna og Kanada.

### Samstarfsvettvangur um fjölbreyttar kvikmyndasýningar

Bíó Paradís verður samstarfsvettvangur flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu. Má þar nefna dreifingaraðila kvikmynda; Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík (auk ýmissa smærri hátíða); Kvikmyndamiðstöð Íslands (sem nýverið flutti á aðra hæð Regnbogahússins); Kvikmyndasafn Íslands; Kvikmyndaskóla Íslands; kvikmyndafræðideild Háskóla Íslands, sérstakt átaksverkefni Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og menntasviðs Reykjavíkurborgar um kvikmyndalæsi fyrir börn og unglinga og fagfélög íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Auk þess er gert ráð fyrir samstarfi við ýmskonar aðra aðila um sýningarhald og aðra kvikmyndatengda viðburði í húsinu.

### Sjálfsseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna ses

Stofnaðilar sjálfsseignarstofnunarinnar **Heimilis kvikmyndanna ses**, sem mun reka Bíó Paradís, eru fagfélög kvikmyndagerðarmanna (Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna og Samtök kvikmyndaleikstjóra), Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Stjórn stofnunarinnar skipa Ari Kristinsson (formaður), Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Ragnar Bragason.



Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík. Vefur: [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is)

Lovísa Óladóttir hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna. Lovísa er kvikmyndafræðingur að mennt og hefur einnig numið rekstrar- og viðskiptafræði. Hún starfaði um árabil sem dagskrárstjóri Stöðvar 2, dagskrárstjóri Sýnar og dagskrárfulltrúi. Þá vann hún að markaðsmálum Þjóðleikhússins um skeið og byggði síðan upp fatahönnunarfyrirtækið ELM ehf. ásamt samstarfsfólki. Undanfarin ár hefur hún starfað sjálfstætt fyrir ýmsa aðila að verkefnastjórnun, markaðs- og kynningarmálum.

Ásgrímur Sverrisson verður dagskrárstjóri, auk þess að sjá um kynningarmál. Ásgrímur hefur um langt skeið stundað kvikmynda- og dagskrárgerð ásamt því að fjalla um kvikmyndir með margvíslegum hætti í sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum, tímaritum og vefmiðlum.

Sérstakt dagskrárráð, sem skipað verður fulltrúum eigenda og helstu samstarfsaðila, verður vettvangur umræðu um dagskrá og aðra starfsemi hússins.

Heimili kvikmyndanna ses verður fyrst um sinn til húsa hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

### **Stuðningur Reykjavíkurborgar**

Reykjavíkurborg samþykkti nýverið að styðja þetta verkefni um tólf milljónir króna. Verður fénu varið til að fjármagna ýmsar breytingar sem gerðar verða á húsnæðinu og til að ýta rekstrinum úr vör.

### **Dagskrá í upphafi**

Opnunarmynd Bíó Paradísar verður tónleikamyndin **Backyard** eftir Árna Sveinsson og Sindra Kjartansson, sem bar sigur úr býtum á heimildamyndahátíðinni Skjaldborg í vor. Þá mun Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík taka húsið yfir í ellefu daga frá 23. september til og með 3. október. Nánar verður tilkynnt um dagskrána í septemberbyrjun.

### **Áskriftarkort – lægra verð**

Almenningi mun gefast kostur á að kaupa sérstök áskriftarkort sem gilda á tiltekin fjölda sýninga í húsinu, auk þess sem kortin munu gilda á Alþjóðlega kvikmyndahátíð. Meðal miðaverð áskriftarkortanna verður mun lægra en almennt gerist, en einnig mun verða hægt að kaupa miða á allar sýningar á venjulegu verði. Áskriftarkortin verða nánar kynnt í byrjun september.